

FW Athugasemd við breytingartillögu á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík

Til : Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>; Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>
Frá : Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is>
Heiti : FW Athugasemd við breytingartillögu á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík
Málsnúmer : 202205037
Málsaðili : Norðurþing
Skráð dags : 18.01.2023 00:00:00
Höfundur : Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir

From: Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir
Sent: miðvikudagur, 18. janúar 2023 12:43
To: Norðurþing
Subject: Athugasemd við breytingartillögu á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík

Góðan dag,

Eftirfarandi er athugasemd við breytingartillögu á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík.

Ég er mótfallin því að Norðurþing leyfi uppbyggingu á þaraverksmiðju, sérstaklega miðsvæðis á Húsavík þó að staðsetningin sé ekki aðalatriði í mínum huga. Í umræðunni virðast byggðasjónarmið helst ráða för þeirra sem styðja verkefnið, á þá leið að Húsavík þurfi uppbyggingu og fleiri störf. Tilraunastarfsemi á náttúrunni er ekki leiðin til þess. Sjávarlífið hér um kring er einstakt á heimsvísu - um það er varla deilt - og ætti að njóta vafans þegar kemur að jafn stórfelldu inngripi í vistkerfið. Rannsóknarleyfið er aðeins til fimm ára. Hvað ætlum við að gera að því loknu ef verkefnið fer ekki eins og við er búist? Sitja uppi með ónotaða verksmiðju á besta stað, búin að tæta upp þara í fimm ár kannski með óafturkræfum afleiðingum? Af hverju er ekki beðið eftir frekari rannsóknum og séð hvaða áhrif það hefur á vistkerfi sjávar að taka þarann í stað þess að spila Skjálfandaflóa út sem tilraunastofu?

Sem íbúi Húsavíkur þætti mér það mjög sorgleg þróun að búa í samfélagi sem tekur þátt í slíku og stendur fyrir skógarhöggi á hafsbotni.

Bestu kveðjur,

Sigrún Björg

